



Eitt verkanna á sýningu Sólveigar.

Sólveig Aðalsteinsdóttir á Kjarvalsstöðum:

# Krúkkuljóð

Hin ljóðræna konseptlist – konseptlist án konsepts, en mögnuð af ljóðrænum skilningi – er undarlegt og óyggjanlega íslenskt fyrirbæri. Reyndar má greina upphafið að þessari list í sumum verkum innflytjandans Dieters Roth, en hann hefur ábyggilega búið þau til undir áhrifum af íslensku landslagi, gróðri og sögu. Þessi tilhneiging – ég hika við að kalla það stefnu eða skóla, enda væri slíkt óviðeigandi – blómstrar í verkum Magnúsar Tómassonar, Sigurðar Guðmundssonar, Magnúsar Pálssonar og Hreins Friðfinnssonar, svo fáir séu nefndir.

En nú erum við að kynna nýrri kynslóð af ljóðrænum konseptlistamönnum og Sólveig Aðalsteinsdóttir er einn af athyglisverðustu fulltrúum þessarar kynslóðar. Verkin á sýningunni eru flest búið til úr ýmiss konar nytjahlutum: krúkkum og slíku. Raunar er í sumum tilfellum vart hægt að segja að verkin séu búið til úr þessum hlutum heldur eru þau einfaldlega þessir hlutir – einfaldir og hversdagslegir, en um leið á einhvern hátt undarlega margræðir. Þannig er það að þeir hlutir sem við þekkjum best og höfum sjálf litað með handfjötul virðast hafa mestan töframátt þegar þeir eru settir í annað samhengi og sýndir okkur við aðrar aðstæður.

Steingrímur Eyfjörð var við opnun sýningarinnar

og hélt því fram að verkin væru ekki bara til þess að horfa á, heldur líka til að snerta: hér er mjúkt gúmmilíki, þar hörð steinsteypa eða slétt gler. Sjónrænu þættirnir eru reyndar í fyrirrúmi hjá Sólveigu, en

## Myndlist

Jón Proppé

Steingrímur hefur þó nokkuð til síns máls: verkin taka nefnilega til allra eiginleika þeirra hluta sem þau eru búið til úr. Þannig er þessi ljóðræna konseptlist; hún er konseptlist þar sem hlutir hafa komið í staðinn fyrir hugtök.

Lesanda kann að virðast það undarlegt að hér hafi verið fjallað um svo almenn þemu, en minna um verkin á sýningunni. Það er ekki vegna þess að verkin á sýningunni séu ekki falleg og merkileg í sjálfum sér – þvert á móti – heldur vegna þess að þau eru svo góð og vönduð dæmi um eina markverðustu tilhneigingu á íslenski list. Ljóðrænan sjálf, og verkin þar með, verður vart túlkuð og tapar öllu í þýðingu. Þetta verður fólk að upplifa sjálf.

## Fréttir

### Jeppa ekið á ljósastaur

Sigurður Sverrisson, DV, Akranesi:

Harður áreksstur varð við innkeyrsluna í bæinn um klukkan hálf tíu á laugardagskvöld er ökumaður jeppabíreiðar missti stjórn á henni

með þeim afleiðingum að hún hafnaði á ljósastaur og stórskemmdist. Fjarlægja varð jeppann með krana-bíreið en ökumann, sem var einn í bílnum, sakaði ekki.

### Flugvél lenti með látinn farþega

Flugvél frá American Airlines á leið frá Frankfurt til Chicago lenti á Keflavíkurlugvelli laust fyrir klukk-an 15 í gær vegna þess að þjóðverji sem var á 54. aldursári, sem var far-

þegi um borð, hafði látist. Lík hans var flutt í líkhúsið í Keflavík. Talið er að hann hafi fengið hjartaáfall en krufning fer fram í dag til að úrskurða um dánarorsök. -ÍS

## Tilkynningar

### Félag eldri borgara í Reykjavík og nágur.

Opið hús í Risinu í dag kl. 13-17. Sturlungahópurinn kemur saman að nýju kl. 17 í dag í Risinu. Magnús Jónsson heldur áfram að lesa og skýra Íslendingasögu Sturlu Þórðarsonar.

### Sýning fyrir alla fjölskylduna

Vegna fjölda áskorana mun nemendamtótsnefnd Verzlunarskóla Íslands haldá aukasýningu á söngleiknum Jesus Christ Superstar þriðjudaginn 22. febrúar kl. 20 á Hótel Íslandi. Þeir sem vilja tryggja sér miða á aukasýninguna geta komið í húsa-kynni Verslunarskólans eða pantað miða í síma 688488.

## Safnaðarstarf

Áskirkja: Opið hús fyrir alla aldurshópa þriðjudag kl. 14-17.

Bústaðakirkja: Starf 11-12 ára krakka þriðjudag. Húsið opnað kl. 16.30.

Dómkirkjan: Mómmumorgunn þriðjudag í safnaðarheimilinu Lækjargötu 14a, kl. 10-12.

Grensáskirkja: Kyrrðarstund þriðjudag kl. 12.00. Orgelleikur í 10 mín. við upphaf stundarinnar. Altarisganga, fyrirbærir, samvera. Bænarefnum má koma til prestanna í síma 32950. Opið hús þriðjudag kl. 14.00. Sr. Halldór S. Gröndal verður með Biblíulestur. Síðdegiskaffi. Hallgrímskirkja: Fyrirbænaúspjónusta þriðjudag kl. 10.30. Bedið fyrir sjúkum. Kvöldbætur með lestri Passíusálma kl. 18.00.

Langholtskirkja: Vinafundur þriðjudag kl. 14.00-15.30 í safnaðarheimilinu. Leiðsöng í lestri ritninganna. Leiðbeinandi sr. Flóki Kristinnsson. Aftansöngur í dag kl. 18.00.

Nesirkirkja: Mómmumorgunn í safnaðarheimili kirkjunnar þriðjudag kl. 10-12. Afmælisveisla, mómmumorgunn 4 ára. Guðrún Ásmundsdóttir leikkona kemur í heimsókn.

Seltjarnarneskirkja: Foreldramorgunn þriðjudag kl. 10-12. Arnheiður Sigurðardóttir kemur í heimsókn og ræðir um brjóstgjöf og kynnið margnota dómu-bindi. Starf fyrir 10-12 ára þriðjudag kl. 17.30. Þriðjudag kl. 20.30. Kyrrðar- og ihugunarstund með Taizétónlist. Te og kakó í safnaðarheimilinu á eftir.



## ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sími 11200

### Stóra sviðið kl. 20.00 GAURAGANGUR

eftir Ólaf Hauk Simonarson

5. sýn. mvd. 23/2, uppselt, 6. sýn. sud. 27/2, uppselt, 7. sýn., mvd. 2/3, laus sæti, 8. sýn. sud. 6/3, laus sæti, 9. sýn. lau. 12/3, laus sæti, sud., 13/3.

### MÁVURINN

eftir Anton Tsjékhof

Lau. 26. febr., lau. 5. mars. Ath. Aðeins 3 sýningar eftir.

### ALLIR SYNIR MÍNIR

eftir Arthur Miller

25. febr., fös. 4. mars.

### SKILABODASKJÓÐAN

eftir Þorvald Þorsteinsson

Ævintýri með söngvum

Lau. 26. febr. kl. 14.00, sun. 27. febr. kl. 14.00, nokkur sæti laus. Sun. 6. mars kl. 14.00, lau. 12. mars kl. 14, sun. 13. mars kl. 14.

### Íslenski dansflokkurinn

Ballettar eftir höfundana Auði Bjarnadóttur, Maríu Gísladóttur, Lambros Lambrou og Stephen Mills.

Frumssýning fim. 3. mars kl. 20.

2. sýn. lau. 5. mars kl. 14.

3. sýn. mið. 9. mars kl. kl. 20.

4. sýn. fim. 10. mars kl. 20.

### Smíðaverkstæðið kl. 20.30.

### BLÓÐBRULLAUP

eftir Federico Garcia Lorca

Fid. 24. febr., örfá sæti laus, föd. 25. febr., örfá sæti laus, föd., 4. mars, laud., 5. mars.

Sýningin er ekki við hæfi barna. Ekki er unnt að hleypa gestum í salinn eftir að sýning er hafin.

### Litla sviðið kl. 20.00.

### SEIÐUR SKUGGANA

eftir Lars Norén

Lau. 26. febr., fíd., 3. mars, laud., 5. mars.

Ekki er unnt að hleypa gestum í salinn eftir að sýning er hafin.

### LISTAKLÚBBUR LEIKHÚSKJALLARANS

Í kvöld kl. 20.30.

Lesið verður úr þýðingum eftirtalinnna þýðenda: Atla Magnússonar, Alfheiðar Kjartansdóttur, Franzisku Gunnarsdóttur, Friðriks Rafnssonar og Sigurðar Pálssonar.

Miðasala þjóðleikhússins er opin alla daga nema mánudaga frá 13.00-18.00 og fram að sýningu sýningardaga. Tekið á móti símapöntunum virka daga frá kl. 10. Græna línan 99 61 60.



## Leikfélag Akureyrar

# GÓÐVERKIN KALLA!

...ÁTAKASAGA...



Höfundar leikrita, laga og söngtexta: Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason

Næstisíðasta sýningarhelgi!

Fimmtudag 24. febrúar kl. 17.

Föstudag 25. febrúar.

Laugardag 26. febrúar.

Allra síðustu sýningar.

SÝNINGUM LÝKUR Í FEBRÚAR!

# Bar Par

eftir Jim Cartwright

SÝNT Í ÞORPINU, HÖFÐAHLÍÐ 1

Föstudag 25. febrúar kl. 20.30.

Laugardag 26. febrúar kl. 20.30.

Ath. Ekki er unnt að hleypa gestum í salinn eftir að sýning er hafin.

Aðalmiðasalan í Samkomuhúsinu er opin alla virka nema mánudaga kl.

14-18 og sýningardaga fram að sýningu. Sími 24073.

Símsvari tekur við miðapöntunum utan afgreiðslutíma.

Ósottar pantanir að BarPari seldar í miðasölunni í Þorpinu frá kl. 19 sýningardaga. Sími 21400.

Greiðslukortþjónusta.

LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR



### Stóra sviðið kl. 20.

### EVA LUNA

Leikrit eftir Kjartan Ragnarsson og Óskar Jónasson. Unnið upp úr bók Isabel Allende

Fim. 24. febr., uppselt, fös. 25. febr., uppselt, lau. 26. febr., uppselt, sun. 27. febr., uppselt, lau. 5. mars, uppselt, sun. 6. mars, fim. 10. mars, fös. 11. mars, uppselt, lau. 12. mars, uppselt.

Geisladiskur með lögnum úr Evu Lunu til sölu í miðasölu. Ath.: 2 miðar og geisladiskur aðeins kr. 5.000.

### Litla sviðið kl. 2.1.

### ELÍN HELENA

eftir Árna íbsen.

Fös. 25. febr., næstisíðasta sýning, lau. 26. febr., síðasta sýning.

Ath. Ekki er hægt að hleypa gestum inn í salinn eftir að sýning er hafin.

Miðasala er opin kl. 13.00-20.00 alla daga nema mánudaga. Tekið á móti miðapöntunum í síma 680680 kl.

10-12 alla virka daga.

Bréfasími 680383.

Greiðslukortþjónusta.

Munið gjafakortin okkar.

Tilvalin tækifærisgjöf.

Leikfélag Reykjavíkur – Borgarleikhús.

